3. stjórnarfundur

2. júní 2016

Fundarstaður: Veitingastaðurinn Sæta svínið 2. Júní 2016, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Íris Baldursdóttir, Birta Kristín Helgadóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Hjördís Sigurðardóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Vigdís Harðardóttir og Elín Smáradóttir boðuðu forföll.

1. Fundargerðar 2. Fundar

Fundargerð 2. fundar samþykkt, með fyrirvara um að stjórnin breyti ákvörðun frá 1. um nauðsynlegan fjölda fundarmanna til samþykktar.

2. Fundur með bankastjóra og framkvæmdastjórum hjá Íslandsbanka 25. maí sl

Nokkrar stjórnarkonur snæddu hádegisverð í boði bankastjóra Íslandsbanka Birnu Einarsdóttur. Harpa var búin að þakka formlega fyrir fundinn, sem var mjög veglegur af hálfu bankans. Margar góðar hugmyndir og ráðleggingar frá bankastjóra, m.a. um að gott væri að ræða við stjórnir orkufyrirtækjanna, tryggja aðkomu þeirra kvenna sem eru hæst settar innan fyrirtækjanna og virkja tengslanetið. Mikilvægt að laða yngri konur að geiranum og hægt að vekja athygli þeirra t.d. með því að fara inn í skólana sem og að leggja áherslu á faglegt starf innan félagsins.Næstu skref ákveðin:Íris verður formaður fræðslunefndarLista þarf upp fyrirtæki sem stefnt verður á að heimsækj: Harpa

3. Næsti viðburður félagsins

Haft hefur verið samband við Orkuveituna um skipulagningu gönguferðar á Hengilssvæðinu um mánaðarmótin ágúst-sept. Heppilegasti tími seinnipart á virkum degi.Stefnt verður að fræðsluviðburði um miðjan september.

4. Viðburður með kanadíska félaginu Desk and Derrick Club. http://www.abfddc.com/

Harpa er í sambandi við fulltrúa frá félaginu Desk and Derrick Club, sem samanstendur af konum í olíu- og gasiðnaði í Kananda, en hópurinn er væntanlegur hingað til lands í ágúst. Athuga á hvort hægt verður að koma á hádegisfundi þann 22. ágúst. Harpa heldur öðrum stjórnarkonum upplýstum um hvað verður ákveðið.

5. Skýrsla um stöðu kvenna í íslenska orkugeiranum

Auður Nanna lagði fram verkefnalýsing varðandi mögulega úttekt/skýrslu. Óskað verður eftir tilboði bæði frá PvC og Earnst and Young. Sólrún hjá OR getur veitt góðar upplýsinar. Mikilvægt að hafa allan geirann með; hitaveitur, rafveitur og eldsneytismál.

6. Staðan á samfélagsmiðlum

Allar stjórnarkonum orðnir editorar á face-book síðunaSkoða þarf Linked-in síðuna - Auður

7. Önnur mál

Auður Nanna flutti kynningu á KÍÓ á Samorkuþingi í síðustu viku. Konur aðeins 20% þeirra sem fluttu erindi á Samorkuþinginu, sem þó er mikil aukning frá fyrri þingum.Harpa undirbýr frétt á Facebook um stöðu mála í félaginuStjórnin tekur sumarfrí í júlí en ráðgerir að hittist fljótlega eftir verslunarmannahelgiTaka þarf ákvörðun um við hvaða fyrirtæki á að tala við varðandi stuðning við félagiðKortleggja þarf ráðstefnur sem haldnar verða á næstunni og kanna með mögulega kynningu á félaginu í tengslum við þærStyrktarbeiðnir – skoða bankana og stærstu orkufyrirtækin. Stefnt á að fá fundi með stærstu fyrirtækunum - LV, OR, HS, Rarik, Landsnet og senda pósta á hin.

8. Næsti fundur

Formaður mun boða til næsta fundar eftir sumarfrí.